

Sp.

94. Tillaga til þingsályktunar

[90. mál]

um björgunarþyrllu.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Guðmundur Ágústsson,
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að keypt verði fullkomin björgunarþyrlla fyrir Landhelgisgæsluna.

Greinargerð.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu nauðsynlegt öryggistæki þyrllur eru fyrir sjómenn. Má segja að þær séu nokkurs konar sjúkrabifreiðar sjómannsins.

Stærri þyrlla Landhelgisgæslunnar getur flogið um 150 sjómíllur frá eldsneytisstað á haf út og bjargað sex mönnum. Hún hefur ekki afisingarbúnað frekar en aðrar sambærilegar þyrllur og ekki er hægt að setja slíkan búnað í hana. Þetta þýðir að þyrlla, sem ekki er búin afisingarbúnaði, yrði að fljúga með ströndum fram um það bil 300 sjómíllur á slysstað ef slys yrði á Hornströndum eða Húnaflóa að vetri til. Þyrlla með afisingarbúnaði mundi hins vegar fara stystu leið frá Reykjavík sem er um það bil 90 sjómíllur. Þyrllan, sem Landhelgisgæslan hefur núna, þyrfti að koma við á Ísafirði til eldsneytistöku og það tekur sinn tíma. Flugtími yrði því tvær klukkustundir og 40 mínútur. Væri vélin hins vegar búin afisingarbúnaði tæki flugið 42 mínútur.

Ef slys yrði á svæðinu við Langanes gæti þyrlla, sem ekki er með afisingarbúnað, þurft að fljúga 410 sjómíllur á slysstað. Það tæki þrjár klukkustundir og 35 mínútur, en þyrlla með slíkan útbúnað gæti flogið beint en það eru um það bil 230 sjómíllur og tæki flugið um eina klukkustund og 50 mínútur.

Íslenski skipaflotinn er þannig saman settur í stórum dráttum:

1. Frystitogarar eru með 20–26 manna áhöfn og veiðisvæði þeirra allt að 120 sjómíllur frá landi.
2. Ísfisktogarar eru með 12–16 manna áhöfn og veiða allt að 120 sjómíllur frá landi.
3. Vertíðarbatar eru með 10–12 manna áhöfn og fara allt að 70 sjómíllur frá landi.
4. Loðnuskip eru með 13–15 manna áhöfn. Veiðisvæði þeirra er að sumarlagi allt að 300 sjómíllur frá landi en að vetrarlagi allt að 120 sjómíllur frá landi.
5. Kaupskip eru með 6–16 manna áhöfn.

Af þessari upptalningu sést að stærri þyrlla Landhelgisgæslunnar ræður ekki við að bjarga heilum áhöfnum nema ef til vill á kaupskipi. Hún nýtist takmarkað til björgunaraðgerða vegna lítills flugþols og takmarkaðrar burðargetu.

Það er því brýnt að þjóðin eignist sem fyrst björgunarþyrllu er sinnt geti sem allra best öryggismálum sjómanna. Það er jafnframt grundvallaratriði að þyrllan sé með afisingarbúnaði. Hún þarf að geta flogið um eða yfir 300 sjómíllur frá eldsneytisstað á haf út. Enn fremur þarf hún að geta flutt allt að 20 manns miðað við þá fjarlægð.

Það má ekkert til spara þegar um mannlíf er að tefla. Hér verða ekki nefnd dæmi þess að slík þyrlla hefði sparað okkur mannlíf, en dæmi eru engu að síður til þar sem álitid er að slík þyrlla hefði hugsanlega bjargað mannlífum. Ekki verður farið nánar út í það af tillitssemi við ættingja.

Afgreiðslutími fullnægjandi björgunarþyrllu er trúlega ekki skemmri en 18 mánuðir. Samþykkt þessarar tillögu ætti því ekki að raska fjárlögum ársins 1988 að neinu verulegu leyti.